

SEIDASLEPPING Í FOSSÁ OG RAUDÁ 30. MAÍ 1974

Seiði úr Kollafjarðarstöðinni. Pokuð um morgunin.

Fjöldi: 6 poka ófóðruð 0+ seiði, ca 25.000.00 í poka = 150.000
36 poka fóðruð 0+ seiði, ca 12.000.00 í poka = 450.000
(í 3 mán) ca Alls 600.000

Lagt var af stað með seiðin frá Kollafirði um kl. 12.30, af 5 mönnum á 2 bílum. Að Ármótum Fossár og Rauðár var komið liðlega kl. 16, og þá strax farið að sleppa seiðunum. Var fyrst haldið niður með Fossánni vestan megin að Hjalparfossi.

Gróf almenn lýsing á Fossá frá ármótum Rauðár og niður að Hjalparfossi. Ca. 4 km.

Áin rennur í einum farvegi. Engir lækir renna í ána. Breidd árinna víðast hvar er ca. 30-40 m (Á einstaka stað líklega allt upp í 70 m). Áin nokkuð jafn djúp ca. 30-50 cm, oft nokkuð grynnri við bakka, eða lygnur við bakka með meðaldjúpu eða dýpra vatni. Stórir hyljir mjög fáir. Smáir hyljir ca 60-80cm á dýpt nokkuð víða. Áin er víðast hvar nokkuð straumhörð, yfirborðsstr. ca. 1m/sek., en á milli lygnara vatn (ca 70/30). Neðsti hlutinn (ca 1 km) er straumharðari, yfirborðsstr. ca 1.5m/sek., og á þeim kafla er lítið af lygnu vatni, nema við bakka og einstaka stóra steina út í ánni. Botninn er grýttur, steinastærð ca 10-20 cm í þvermál, með grófri mál á milli. Töluvert er af stórum hnullungum í ánni. Ca 200 m fyrir ofan brú og að Fossi hefur áin víða grafið sig niður á stuðlaberg. Botngróður töluverður. Áin tár.

Landið, sem liggur að ánni, er þakið öskugjalli. Árbakkar eru víðast grasivaxnir. Landið er í uppgræðslu og er gróður víða að komast á veg. Þennan dag var verið að dreifa tilbúnum áburði á svæðið, og gæti ég trúað að ca. 50 áburðarkorn hafi fallið á m².

Seidaslepping

Nr. 1. Ca 250 m fyrir neðan ármót. Við vörðu á vesturbakkanum 1 poki fóðruð seiði. Dreift með vesturbakkanum.

- Nr. 2. Ca 250 m fyrir neðan stöð 1. Smá vík og flúðir út af henni (málað 2 með gulri málningu neðan til á stein).
1 poki fóðruð seiði. Dreift í víkina og út í flúðarnar.
- Nr. 3. Ca 200 m fyrir neðan stöð 2. Margir stórir steinar í ánni við Austurbakkann.
1 poki fóðruð seiði. Seiðunum dreift um þetta stórgrýtisbelti.
- Nr. 4. Ca 100 m fyrir neðan klett, sem skagar út í ána, við vesturbakkann. 2 stórir steinar í ánni.
1 poki af fóðruðum seiðum.
- Nr. 5. Ca 100 m fyrir neðan stöð 4. Steinar mynda þarna smá stíflu út í ána við vesturbakkann.
1 poki af fóðruðum seiðum. Dreift í lygna vatnið fyrir ofan og neðan stíflu, og hluta út í strauminn.
- Nr. 6. Ca 100 m fyrir neðan stórt klettabelti við austurbakkann (all miklu neðar en stöð 5).
1 poki af fóðruðum seiðum.
- Á svæðið milli stöðva 5 og 6 var komið aftur á um kl. 21, og þá dreift þar út frá austurbakkanum 5 pokum af fóðruðum seiðum og 2 pokum af ófóðruðum seiðum. Suðurmörk svæðisins er niðurundan gili, sem er í fjallinu austan við ána (1 km frá brú) við vatnsbakkann var rekinn niður gulur hæll. Seiðunum dreift ca 100-150 m upp fyrir múla, sem skagar þarna út í ána við austurbakkann.
- Nr. 7. Ca 300 m fyrir neðan stöð 6ð Rauðröndótt brekka. Klettabelti.
1 poki af fóðruðum seiðum, dreift út frá vesturbakka.
- Nr. 8. Ca 100 m fyrir neðan stöð 7.
1 poki af fóðruðum seiðum.
- Nr. 9. Ca 500 m fyrir ofan brú (málað 9 með gulri málningu neðan til á stein).
1 poki af fóðruðum seiðum.
- Nr. 10 Ca 350 m fyrir ofan brú (merkt 10 með gulri málningu neðan til á stein).
1 poki af fóðruðum seiðum

Nr. 11. Ca 200 m fyrir ofan brú, 6 klettadrangar við vèsturbakkann.
1 poki af fòðruðum seiðum. Dreift í lygnurnar niður undan
klettunum.

Um kl. 21.45 var aftur komið á svæði 10 og 11 og þá dreift þar 3
pokum af fòðruðum seiðum og 1 poka af ófòðruðum seiðum.

Nr. 12. Rétt ofan við brú.
1 poki af fòðruðum seiðum.

Nr. 13. Ca 50 m fyrir neðan brú.
1 poki af fòðruðum seiðum.

Nr. 14. Ca 150 m fyrir neðan brú.
1 poki af fòðruðum seiðum.

Nr. 15. Ca 250 m fyrir neðan brú.
1 poki af fòðruðum seiðum.

Nr. 16. Ca 70 m fyrir neðan stöð 15.
1 poki af fòðruðum seiðum.

Nr. 17. Þar sem áin skiptir sér skammt fyrir ofan foss.
1 poki af fòðruðum seiðum

Í Fossáanna frá ármótunum og að Hjalparfossi hafa því farið 25
pokar af fòðruðum seiðum og 3 pokar af ófòðruðum seiðum. Alls um 390
þús seiði. Kl. 16 var vatnshitinn, rétt ofan við ármótin, 3.5°C.
Kl. 22.15 var vatnshitinn við stöð 11 6°C og loftnitinn 7°C. Tíminn
sem seiðasleppingin tók í þennan hluta var frá kl. 16-19.15, og
frá kl. 21-22.15.

Gróf almenn lýsing á Fossá fyrir ofan ármót

Grófur malarbotn (steinasterð ca 2-8 cm í þvermál), gróðurlaus.
Lítið eða ekkert af stórum steinum. Áin nokkuð jafn straumhörð.
Lítið af lygnum, eitthvað á neðsta hlutanum (ca 1 km) meðfram
grasivöxnum bökkum, en þar er sand-leðjubotn (í lygnunum) ofar
fellur áin um viðáttumiklar gróðurlausar auðar. Svæðið var ekki
allt nákvæmlega athugað, en ekki annað að sjá, en að áin félli
þarna um aurar allt upp að Háafossi. Á aurunum greinist áin víða
og er ekki ótrúlegt að árfarvegir séu óstöðugir. Rennslismælingar
ca 1/2 km fyrir ofan ármótin.

Seiðaslepping

- Nr. 1. Fyrsta vaðið þegar ekið er upp eftir frá Stöng) Kvísl úr aðalánni. (í V frá Stöng)
1 poki af fóðruðum seiðum.
- Nr. 2. Fyrsta vaðið á aðalánni þegar ekið er upp eftir (frá Stöng)
1 poki af fóðruðum seiðum.

Alls ca 25 þús seiði. Vorum þarna um kl. 20.30 í úrhellisrigningu. Lofthiti 7°C. Vatnshiti 6°C.

Gróf almenn lýsing á Rauða frá ármótum Fossár og að gjánni NA við Stöng:

Skipta má ánni í 3 hluta. 1 hluti rúmlega 1 km kafli upp frá ármótunum. Áin fellur þar í einum farvegi, ca 10.15m breið. Víðast straumlítill með sand-malarbotni, en á einstaka stað er hún straumharðari með grjótbolti. Engir hyljir. Fyrir ofan 1. hluta greinist áin í marga smáa farvegi. Straumur er lítill og sandbotn. Nokkra fyrir neðan Stöng kemur áin aftur saman. Tekur þá við straumhart vatn með lygnum á milli, Upp að gjánni. Botninn er grýttur með hnellingum inn á milli. Töluvert af hyljum. Breidd árinna víðast hvar ca 10 m. Bogngróður nokkur.

Seiðaslepping (neðsti hlutinn)

- Nr. 1. Fyrstu fljóðir (straumvatn) frá ármótunum. Sandeyri í miðri ánni. Hóll á vesturbakkanum ca 50 m í SV.
1 poki af ófóðruðum seiðum.
- Nr. 2. Ca 500 m fyrir ofan stöð 1. Straumvatn með grjótbolti. Sandeyri.
1 poki af fóðruðum seiðum.

Hlutinn niður undan Stöng og að gjánni

Á þetta svæði var dreift nokkuð jafnt 8 pokum fóðruð seiði og 2 pokum ófóðruð seiði.

Nánar: Frá vaði og niður að 3 fljóð, 3 pokar af fóðruðum seiðum og 1 poki af ófóðruðum seiðum (í fljóðirnar við vaðið).

Frá vaði og upp að gjánni 5 pokar fóðruð seiði og 1 poki af ófóðruðum seiðum.

Alls í rauða ca 180 þús seiði. Vorum að dreifa í Rauða frá um kl. 19³⁰-20⁵. Lofthiti 7°C. Vatnshiti 6°C.